

Tillaga um skilmálabreytingu á skuldabréfaflokki HSVE 13 01

Með tilkynningu HS Veitna hf. („HS Veitur“ eða „útgefandi“), dagsettri þann 29. maí 2018, er boðað til fundar skuldabréfaeigenda HSVE 13 01 („skuldabréfin“), þar sem lögð verður til breyting á skilmálum skuldabréfsins. Verður fundur skuldabréfaeigenda haldinn klukkan 9:00 þann 12. júní 2018 á 9. hæð í höfuðstöðvum Íslandsbanka í Norðurtorni, Hagasmára 3, 201 Kópavogi.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi tillögur að breytingu á skilmálum skuldabréfaflokksins HSVE 13 01 („tillögurnar“).

1. Ákvörðun um breytingu á skilmálum skuldabréfanna um eiginfjárvöð

Í skilmálum skuldabréfanna um gjaldfellingarákvæði er eftirfarandi ákvæði um eiginfjárvöð:

„Skuldabréfaeigendur hafa heimild til að gjaldfella skuldabréfið komi í ljós við birtingu uppgjörs að eiginfjárlutfall sé undir 35%, miðað við uppgjörsdag og útgefandi bætir ekki úr innan 30 daga. Fari eiginfjárlutfall á einhverjum tímapunkti niður fyrir 20% er útgefanda skylt að upplýsa skuldabréfaeigendur samstundis og er skuldabréfaeigendum þá heimilt að gjaldfella skuldina bæti útgefandi ekki úr innan 5 daga. Við útreikning á eigin fé skal ekki meta óskráðar eignir á hærra verði en kostnaðarverði og lækka hlutfallslega ef verðmæti slíkra eigna, hvort sem slíkar eignir eru í eigu útgefanda eða annarra, eru seldar á lægra verði en upphaflegt kostnaðarverð. Ef skráðar eignir eru í óskráðu dótturfélagi útgefanda skal eigi meta dótturfélagið á hærra verði en markaðsverði undirliggjandi eignar eins og undirliggjandi eign er metin á markaði. Óefnislegar eignir umfram 5% af heildareignum útgefanda koma til frádráttar á útreikningi eigna og eigin fjár við útreikning eiginfjárlutfalls. Eiginfjárlutfall er reiknað með því að deila eigin fé við heildareignir útgefanda.“

Hljóti tillagan samþykki mun ákvæðið í kjölfarið hljóða svo:

„Skuldabréfaeigendur hafa heimild til að gjaldfella skuldabréfið komi í ljós við birtingu uppgjörs að eiginfjárlutfall sé undir 35%, miðað við uppgjörsdag og útgefandi bætir ekki úr innan 30 daga. Fari eiginfjárlutfall á einhverjum tímapunkti niður fyrir 20% er útgefanda skylt að upplýsa skuldabréfaeigendur samstundis og er skuldabréfaeigendum þá heimilt að gjaldfella skuldina bæti útgefandi ekki úr innan 5 daga. Við útreikning á eigin fé skal **lækka mat óskráðra eigna** ef verðmæti slíkra eigna, hvort sem slíkar eignir eru í eigu útgefanda eða annarra, eru seldar á lægra verði en **bókfærð virði þeirra hverju sinni**. Ef skráðar eignir eru í óskráðu dótturfélagi útgefanda skal eigi meta dótturfélagið á hærra verði en markaðsverði undirliggjandi eignar eins og undirliggjandi eign er metin á markaði. Óefnislegar eignir umfram 5% af heildareignum útgefanda koma til frádráttar á útreikningi eigna og eigin fjár við útreikning eiginfjárlutfalls. Eiginfjárlutfall er reiknað með því að deila eigin fé við heildareignir útgefanda.“

2. Ákvörðun um breytingu á skilmálum skuldabréfanna um takmörkun á vaxtaberandi skuldum

Í skilmálum skuldabréfanna um gjaldfellingarákvæði er eftirfarandi ákvæði um takmörkun á vaxtaberandi skuldum:

„Útgefandi skuldbindur sig til að takmarka vaxtaberandi skuldir þannig að nettó vaxtagreiðslur (greiddir vextir langtímalána að frádregnum vaxtatekjum) yfir 12 mánaða tímabil verði ekki hærri en sem nemur 50% af aðlöguðum rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði og skatta yfir sama 12 mánaða tímabil (e. Normalized EBIT).“

Hljóti tillagan samþykki mun ákvæðið í kjölfarið hljóða svo:

*„Útgefandi skuldbindur sig til að takmarka vaxtaberandi skuldir þannig að nettó vaxtagreiðslur (greiddir vextir langtímalána að frádregnum vaxtatekjum) yfir 12 mánaða tímabil verði ekki hærri en sem nemur **40%** af aðlöguðum rekstrarhagnaði fyrir fjármagnsliði og skatta yfir sama 12 mánaða tímabil (e. Normalized EBIT).“*

Greinargerð

Þann 27. desember 2017 sendi félagið tilkynningu í Kauphöll þar sem fram kom að ákveðnar eignir fyrirtækisins væru mögulega vanmetnar og hafði félagið því ákveðið í samstarfi við fjármálaráðgjöf Deloitte að vinna að mögulegu endurmati þeirra.

Endurmat var fært í ársreikning félagsins þann 31. desember 2017 og nam fjárhæð þess 4.100 milljónum króna. Endurmatið byggði á áætluðu fjárstreymi félagsins sem byggir á rauntölum og 5 ára rekstraráætlun félagsins. Er fjárstreymisgreining framkvæmd á hverja og eina sjóðsskapandi einingu. Endurmat rekstrarfjármuna hefur áhrif á eiginfjárlutfall til hækkunar en þar sem skuldabréfaflokkur HSVE 13 01 segir að óskráðar eignir skuli miða við kostnaðarverð hefur endurmatið ekki áhrif á útreikning á eiginfjárvöð bréfsins.

Með hliðsjón af framangreindu er það því tillaga útgefanda að samræma orðalag í skuldabréfaflokkunum HSVE 13 01 og HSVE 310138 og miða útreikning á eiginfjárlutfalli við bókfært verð í stað kostnaðarverðs, eins og kveðið er á um í HSVE 13 01.

Þar sem félagið vill koma til móts við skuldabréfaeigendur sína er samtímis lögð fram tillaga um breytingu á takmörkun vaxtaberandi skulda þ.a. hlutfallið sé fært niður úr 50% í 40%. Þetta jafngildir því að vaxtaþekjan, líkt og hún er skilgreind í bréfinu, muni fara úr því að vera 2,0x í 2,5x.